

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
b/t Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjanesbæ, 22. febrúar 2016

Stjórn HS Veitna hf hefur ákveðið að boða til aðalfundar félagsins miðvikudaginn 9. mars 2016 á Brekkustíg 36, Reykjanesbæ og hefst hann kl. 15.00.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykktu félagsins:

1. Fundarsetning; Gunnar Þórarinsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Breytingar á samþykktum félagsins sbr. 22. grein samþykktu félagsins.
8. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
9. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

„Athygli er vakin á því að í 63. gr. a. hlutafélagalaga er ákvæði um að tilkynna skuli skriflega **skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund**, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skuli geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.“

Jafnframt er vakin athygli á lögum um kynjahlutföll og að þar sem aðalmenn eru fjórir af öðru hvoru kyni þá verði varamenn þrír af því kyni.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf



---

Júlíus Jónsson  
forstjóri